

Valþjófur ehf.
Kt. 650518-0550
Heimilisfang: [...]

Akureyri, 14. desember 2023

Tilv. 2022-06-20-1786

Efni: Svipting leyfis til strandveiða. Vanskil aflaupplýsinga. Reglugerð nr. 298/2020. Valþjófur ÍS-145 (7466). Ítrekun.

I. Málsvik og málsmeðferð

Fiskistofa hefur lokið meðferð á máli er varðar meint brot skipstjóra fiskiskipsins Valþjófs ÍS-145, skipaskrárnúmer 7466, gegn þágildandi reglugerð um skráningu og skil aflaupplýsinga nr. 298/2020. Í skýrslu veiðieftirlitsmanns Fiskistofu frá 20. júní 2022, segir að við rafrænt eftirlit Fiskistofu hafi komið í ljós að aflaupplýsingar skipsins Valþjófur ÍS-145 (7466) hafi ekki borist Fiskistofu fyrir landanir sem fram fóru; 4., 6., 13., 17., 20., 30. og 31. maí og 1., 7., 9. og 14. júní 2022. Með bréfi Fiskistofu, dags. 30. júní 2023, var málssvikum lýst, leiðbeint um lagaatriði og aðila máls gefinn kostur á að koma andmælum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 áður en afstaða yrði tekin til þess hvort brot hafi verið framið og eftir atvikum ákvörðun um viðurlög. Við nánari skoðun Fiskistofu kom í ljós að vanskil málsaðila voru fleiri en fram komu í fyrstu tilkynningu um meðferð máls. Samkvæmt gögnum Fiskistofu skilaði skipstjóri fiskiskipsins Valþjófur ÍS-145 (7466) ekki aflaupplýsingum í öll þau skipti sem hann hélt út til veiða fiskveiðiárið 2021/2022. Hafa því engin skil borist Fiskistofu fyrir landanir sem fram fóru; 4., 6., 13., 17., 20., 30. og 31. maí 2022, 1., 7., 9., 14., 20. og 29. júní 2022 og 4., 6., 8., 11., 13., 14., 18., 19., 20. og 21. júlí 2022. Eru þetta samtals 23 landanir/veiðiferðir. Með bréfi Fiskistofu, dags. 21. nóvember 2023 var ný tilkynning um meðferð máls send málsaðila á grundvelli nýrra gagna. Engar athugasemdir eða andmæli bárust frá málsaðila í bæði skiptin.

II. Lagagrundvöllur

Samkvæmt þágildandi ákvæði 4. mgr. 9. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 segir að skipstjórar fiskiskipa skyldu halda sérstaka afladagbók. Í 1. mgr. 17. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 var hið sama lögfest fyrir skipstjórnarmenn veiðiskipa sem hlotið höfðu veiðileyfi í atvinnuskyni. Með lögum nr. 85/2022, um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar (eftirlit Fiskistofu), sem tóku gildi frá og með 14. júlí 2022, var ákvæði 1. mgr. 17. gr. laga nr. 116/2006 fellt á brott og orðalag ákvæði 4. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996 breytt og er nú svohljóðandi: „Skipstjórnarmenn veiðiskipa, sem hafa veiðileyfi í atvinnuskyni

samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, eða sérveiðileyfi, skulu senda aflaupplýsingar stafrænt til Fiskistofu áður en veiðiferð lýkur. Í þágildandi reglugerð um skráningu og skil aflaupplýsinga nr. 298/2020 var kveðið nánar um þær upplýsingar sem skrá skal, form þeirra og skil til Fiskistofu sbr. 1. mgr. 3. gr. og að aflaskráningu skal vera lokið og aflaupplýsingar sendar til vefþjónustu Fiskistofu áður en skip er lagst að bryggju að lokinni veiðiferð sbr. 4. tl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar. Brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar varða viðurlögum í formi áminninga og sviptingu veiðileyfa, annars vegar skv. 1. mgr. 17. gr. sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006, sbr. 15. gr. laga nr. 57/1996 fyrir gildistöku laga nr. 85/2022, en hins vegar skv. 4. mgr. 9. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 57/1996 eftir gildistöku laga nr. 85/2022. Í 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 segir að Fiskistofa skuli svipta leyfi til veiða í atvinnuskyni eða, skv. 3. mgr. 15. gr. sömu laga, að beita skuli skriflegum áminningum. Þá getur brot á reglugerðinni jafnframt varðað refsingum, sektum eða fangelsi allt að sex árum, skv. 23. gr. sbr. 24. gr. sömu laga.

III. Niðurstaða og rökstuðningur

Fyrir liggur að í veiðiferðum Valþjófs ÍS-145 (7466) í maí, júní og júlí 2022 skilaði ekki aflaupplýsingum áður en skipið lagðist að bryggju dagana 4., 6., 13., 17., 20., 30. og 31. maí 2022, 1., 7., 9., 14., 20. og 29. júní 2022 og 4., 6., 8., 11., 13., 14., 18., 19., 20. og 21. júlí 2022. Ekki hefur enn verið skilað inn aflaupplýsingum fyrir framangreindar veiðiferðir. Fiskistofu barst hvorki tilkynning um bilun í hugbúnaði eða vefþjónustu sem notað er til þess að skrá aflaupplýsingar né undirritaðar aflaupplýsingar á pappír eins og kveðið var á um í 5. gr. fyrrnefndrar reglugerðar. Með framangreindri háttsemi braut skipstjóri fiskiskipsins Valþjófur ÍS-145 (7466) gegn reglugerð nr. 298/2020.

Skipstjóri fiskiskipsins Valþjófur ÍS-145 (7466) braut gegn 1. mgr. 4. gr., sbr. 7. gr. reglugerðar um skráningu og skil aflaupplýsinga nr. 298/2020, dagana: 4., 6., 13., 17., 20., 30. og 31. maí 2022, 1., 7., 9., 14., 20. og 29. júní 2022 og 4., 6., 8., 11., 13., 14., 18., 19., 20. og 21. júlí 2022 með því að skila ekki aflaupplýsingum fyrir lok veiðiferða á þeim dögum.

Brot á reglugerð nr. 298/2020 varða viðurlögum í formi áminninga eða sviptingu veiðileyfa skv. 15. gr. laga nr. 57/1996. Í 1. mgr. 15. gr. framangreindra laga segir að Fiskistofa skuli svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni ef útgerð eða áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa hafa brotið gegn ákvæðum laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim. Í 3. mgr. framangreindra laga segir að þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. sama ákvæðis skuli Fiskistofa veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu vegna fyrsta minniháttar brots. Við mat á því hvort um minniháttar brot sé að ræða er m.a. litið til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, fjölda brota, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða

gáleysi. Jafnframt er litið til hvernig verknaðinum sjálfum var háttað og aðstæðna að öðru leyti og hvort þær hafi aukið mjög á saknæmi brotsins.

Í þessu máli er litið til fjölda veiðiferða þar sem aflaupplýsingum var ekki skilað. Rétt skil aflaupplýsinga er þýðingarmikið fyrir eftirlit með fiskveiðum sem og vísindalegar rannsóknir, m.a. við mat á nytjastofnum. Á fiskveiðiárinu 2021/2022 fór fiskiskipið Valþjófur ÍS-145 (7466) í 24 veiðiferðir og skilaði ekki aflaupplýsingum í öllum þeim veiðiferðum. Athygli er vakin á því að gert var grein fyrir fyrstu veiðiferð þessa fiskveiðiárs í leiðbeiningarbréfi sem sent var málsaðila þann 7. október 2021 (*tilv. 2021-10-07-2547*), vegna þess er sú veiðiferð ekki talin með í meðferð þessa máls. Engar skýringar hafa verið gefnar á því hvers vegna skipstjóri skilaði ekki inn aflaupplýsingum en útgerð skipsins var leiðbeint um ákvæði þágildandi reglugerðar nr. 298/2020 eins og fram hefur komið. Með hliðsjón af framangreindu teljast þau brot sem málsaðila er gefið að sök vera meiriháttar.

Við mat á því hvort um gáleysisbrot eða ásetningsbrot hafi verið að ræða, er litið til háttsemi skipstjóra í umræddum veiðiferðum. Málsaðili hefur ekki skilað inn andmælum til Fiskistofu. Það liggur þó fyrir að málsaðili ber ábyrgð á því að framkvæmd veiða brjóti ekki í bága við gildandi lög og reglur um fiskveiðar í atvinnuskyni. Þá lítur Fiskistofa til fyrri leiðbeiningar við mat á ásetningsstigi og alvarleika brota. Málsaðili er útgerð sem stundar fiskveiðar í atvinnuskyni. Það er því á hans ábyrgð, að verklag við veiðar sé í samræmi við lög, um borð í þeim fiskiskipum sem hann á og gerir út. Í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 segir að við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skuli leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Að mati Fiskistofu er um alvarleg og endurtekin ásetningsbrot skipstjóra að ræða. Brotin eru 23 talsins og ná yfir stutt tímabil (þrjá mánuði). Eins og fram hefur komið er það mat Fiskistofu að brot málsaðila séu meiriháttar. Við mat á viðurlögum í máli þessu telur Fiskistofa því ekki koma til greina að áminna málsaðila. Þá eru fyrri brot sem hafa ítrekunaráhrif í máli þessu, sbr. leiðbeiningarbréf (*tilv. 2021-10-07-2547*). Af þeim sökum og á grundvelli alls þess sem að framan hefur verið rakið, með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnisýsluréttar, þykja hæfileg viðurlög vera svipting leyfis til veiða í atvinnuskyni í eina viku.

Valþjófur ÍS-145 (7466) var svipt leyfi til veiða í atvinnuskyni samkvæmt ákvörðun Fiskistofu, dags. 9. maí 2023 (*tilv. 2022-07-07-1916 og 2022-08-19-2064*). Mun ákvörðun þessa máls um sviptingu leyfis taka gildi eftir að þeirri sviptingu lýkur.

Fiskistofa sviptir hér með fiskiskipið Valbjófur ÍS-145, skipaskrárnúmer 7466, leyfi til veiða í atvinnuskyni í eina viku (7 dagar) frá og með gildistöku næsta strandveiðileyfis bundið við skipið, þ.e. eftir að fyrri sviptingu lýkur, skv. 1. mgr. 15. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996, sbr. 24. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006. Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá og með dagsetningu ákvörðunar skv. 19. gr. laganna.

Kæruheimild

Ákvörðun þessa má kæra til matvælaráðuneytisins, Borgartúni 26 - 4. hæð, 105 Reykjavík, innan eins mánaðar sbr. 18. gr. laga nr. 57/1996. Skal það gert skriflega eða með tölvupósti á tölvupóstfangið mar@mar.is. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Vakin er athygli á því að ákvörðun þessi verður birt opinberlega á heimasíðu Fiskistofu í samræmi við 9. gr. laga um Fiskistofu nr. 36/1992.

